



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

ÁRSSKÝRSLA 2010



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstaðir
sími: 471 2184 • fax: 470 2001
skogar@heradsskogar.is
www.heradsskogar.is

Efnisyfirlit

Kindagötur, ánamaðkar og steypa í Brekkuseli	1
Víðivallaskógur 40. ára	5
Umhirðu- átak	6
Hraðrækt jólatrjáa á ökrum	7
Lokaverkefni í skógræði (BS) frá Hvanneyri unnið af Else Møller 2010.	
Hvernig er orðið BILUN í skógrækt tilkomið?	8-9
Bilun á Fljótsdalshéraði	9
Grisjunarnámskeið á Hallormsstað	10
12.-15. apríl 2010	
Landslagsaðlögun skóga	14
Norðurlandsskógar stóðu fyrir námskeiði um landslagsaðlögun skóga.	
Reynslan af nýju úthlutunar-fyrirkomulagi á plöntum	15
vorið 2010	
Áburðar- og kalktilraun í Skógargerði	16
Plöntuframboð og eftirspurn	16
Stiklingatilraun Hnitbjörgum	17
Lykiltölur	18
Samantekt	19
Fundargerð	20-28
Áburðargjöf og lifun hjá kalskemmdum sitkabestarði	28
Efnahagsreikningur	30
Sjóðstreymi	31
Rekstrarreikningur	31
Yfirlit framkvæmda	32-35
Helstu stærðir	36
Starfsfólk - 2010	36

Samantekt

Starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga var með hefðbundnu sniði árið 2010. Þrátt fyrir verulegan niðurskurð á fjármagni til verkefnisins hefur, með aðhaldi og sparnaði, tekist að halda úti öflugri starfsemi. Hér á eftir verður fjallað um það helsta sem starfsemin spannaði á árinu. Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga er óbreytt frá fyrra ári en hana skipa Þorvaldur Jóhannsson formaður, Þór Þorfinnsson frá Skógrækt ríkisins og Jóhann Gísli Jóhannsson frá Félagi skógarbænda á Austurlandi. Haldnir voru 5 fundir stjórnar á árinu.

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Benjamín Ö. Davíðsson lét af störfum í mars, starfshlutfall hans var 100%. Sigbjörn Ó. Sævarsson lét af störfum í september, starfshlutfall hans var 40%. Eru þeim Benjamín og Sigbirmi þökkuð vel unnin störf og óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Starfshlutfall Sherrýar Curl fór úr 50% í 60% á fyrri hluta ársins og Else Møller skógfræðingur var ráðin í 40% starf frá byrjun október. Þá var Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðinemi sumarstarfsmaður.

Fjárveiting til Héraðs- og Austurlandsskóga hefur dregist saman um 40% frá því sem mest var árið 2006. Árin 2005 og 2006 urðu skakkaföll í plöntuframleiðslu sem leiddu til þess að hluti þess fjármagns sem ætlað hafði verið til plöntukaupa og gróðursetninga nýttist ekki. Sótt var um sérstaka heimild í ársbyrjun 2010 til ráðuneytisins til þess að nýta allt að helming þess höfuðstóls sem myndast hafði vegna þessa, til þess að hrinda af stað átaki í bilun/grisjun á ungskógum. Mjög aðkallandi var að koma þessari vinnu af stað því skóginn þarf að bila á ákveðnu aldursskeiði áður en hann verður of stór, ella dregur úr viðarvexti og viðargæðum þeirra trjáa sem eiga að standa og kostnaður eykst verulega. Unnið var á árinu að gerð leiðbeiningabæklinga um bilun og umhirðu í ungskógum og brýnt að koma verkefninu af stað því ekki bíður skógurinn. Heimildin fékkst og var farið af stað með verkefnið. Ekki tókst hins vegar að ljúka verki nema á örfáum svæðum, önnur voru komin vel af stað um áramót og enn önnur ekki komin af stað en búið að ljúka mælingum.

Dregið var úr plöntukaupum eins og unnt var en samningar um plöntukaup voru síðast gerðir á grundvelli útboðs í ársbyrjun 2008. Í jörðu fóru rúmlega 980 þús. plöntur og er samdrátturinn í gróðursetningum tæp 34% frá því sem mest var árið 2008. Ljóst er að á næstu árum verður dregið enn frekar úr gróðursetningum til þess að unnt sé að sinna öðrum verkefnum en minna fjármagn hefur helst bitnað á girðingaframkvæmdum, slóðagerð og framlögum til skjólbelta. Þar sem ljóst var að ekki yrði hægt að verða við öllum óskum landeigenda um plöntur var ákveðið að taka upp nýjar reglur um úthlutun þeirra. Í samstarfi við gróðrarstöðvarnar var nýtt kerfi þróað, gekk það ljómandi vel og var almenn ánægja með breytingarnar. Verður áfram unnið á sömu braut er varðar plöntuúthlutun.

Af öðru starfi Héraðs- og Austurlandsskóga má nefna að einn fræðslufundur var haldinn á árinu á Hótel Héraði. Þar hélt Þröstur Eysteinnsson erindi um grisjunarmál og Ólöf Sigurbjartsdóttir sagði frá niðurstöðum úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal skógarbænda á Austurlandi. Þátttöku HASK í Evrópuverkefninu PelleTime lauk um áramót 2010/2011. Sú þátttaka skilaði okkur aukinni þekkingu er varðar ferlið frá skógarhöggi að eldiviðarvinnslu og/eða notkunar viðarspóna eða viðarkögglum sem undirburð fyrir húsdýr. Þá kom HASK að Skógardeginum mikla í Hallormsstað eins og fyrri ár, en skógardagurinn er ein fjölsóttasta hátíðin í fjórðungnum ár hvert. Í ágúst héldum við hátíðlegt 40 ára afmæli Víðivallaskógar í samstarfi við Skógrækt ríkisins. Tókst veislan afbragðs vel og áttu skógarbændur góða stund í skóginum í hreint út sagt frábæru veðri.

ÓIS

Víðivallaskógur 40 ára



Víðivallaskógur, afmæli (mynd: Þóra Sólveig Jónsdóttir)



Sherry Curl gerir fordrykkinn kláran



Skógarvörðurinn, Þór Þorfinnsson, flaggar

Á ljúfu laugardagskvöldi þann 14. ágúst 2010 komu skógarmenn og konur saman í Víðivallaskógi til að fagna 40 ára afmæli Fljótsdalsáætlunar. Fljótsdalsáætlun og ekki síður verkefnið Nytjaskógarækt á bújörðum sem Skógrækt ríkisins sá um eru undanfari skógræktarverkefna bænda sem nú eru fimm talsins; Héraðs- og Austurlandsskógar, Suðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólsskógar á Vestfjörðum og Norðurlandsskógar. Það fór því vel á því að Skógrækt ríkisins og Héraðs- og Austurlandsskóga minnst þessarar tímamóta og byðu skógarbændum til veislu.

Fyrsta gróðursetningin í Fljótsdalsáætlun fór fram þann 25. júní 1970 á Víðivöllum í Fljótsdal og því vel við hæfi að halda upp á afmælið í skóginum sem er búinn að vaxa upp frá þeirri gróðursetningu.

Félag skógarbænda á Austurlandi tók á móti fólki með hressandi snafsi, síðan tók við skrautlegur fordrykkur áður en Ólöf Sigurbjartsdóttir framkvæmdastjóri Héraðs- og Austurlandsskóga bauð fólk velkomið og stýrði samkomunni. Staðgengill skógræktarstjóra, Þröstur Eysteinnsson, fór yfir aðdragandann að Fljótsdalsáætlun. Góður matur var snæddur en það var lista og lysta - kokkurinn Elísabet á Skriðuklaustri sem eldaði. Síðan var unað við söng og spil en þeir félagar Gylfi á Hofi og Andres á Bessastöðum sáu um undirspil og söngstjórn.

Landssamtök skógar eigenda komu færandi hendi og gáfu álm, hlyn, ask og eik til gróðursetningar í tilefni dagsins og það var vaskt lið sem sá um gróðursetninguna þar af tveir sem voru við gróðursetningunni 40 árum áður þeir Hallgrímur Þórarinnsson, ábúandi á Víðivöllum ytri I og Hlynur Halldórsson á Miðhúsum.

Veðrið lét ekki sitt eftir liggja í að gera stundina í skóginum notalega, ekki bærðist hár á höfði og því hægt að sitja við mat og söng með logandi kertaljós á borðum.


Við þökkum öllum sem mættu til veislu, sem og þeim sem að undirbúningnum komu, og vonumst til að fólk hafi notið þessarar stundar í skóginum. Til hamingju með 40 ára afmælið.

FG

Starfsemin



Þrátt fyrir áframhaldandi niðurskurð á fjárveitingum til Héraðs- og Austurlandsskóga unnu skógarbændur af fullum krafti við ýmsar framkvæmdir á jörðum sínum. Á meðfylgjandi grafi má sjá hvernig dregið hefur jafnt og þétt úr fjárveitingum.

Þróun fjárveitinga m.v. vísitölu neysluverðs



Gróðursetning

Árið 2010 voru gróðursettar á starfssvæði Héraðs- og Austurlandsskóga 982.396 plöntur sem er fækkun um rúmlega fjögur hundruð þúsund plöntur frá fyrra ári. Vorgróðursetning gekk vel og áfallalaust og var raki nægur í jörðu. Sumarið þótti ágætt sprettusumar og var meðalhiti yfir meðallagi. Haustgróðursetning var lítil og gekk fremur illa að fá skógarbændur til þess að taka plöntur, endaði með því að ekki tókst að koma út öllum plöntum sem samið hafði verið um kaup á og bíða þær gróðursetningar næsta vors. Hlutfallskipting tegunda var svipuð og undanfarin ár og má sjá á mynd 2.



Áburðargjöf


Borið var á 1.128.379 plöntur. Eins og ævinlega er borið á gróðursetningu vorsins og haustgróðursetningu ársins á undan. Eitthvað var borið á eldri greniplöntur og stefnan er sú að framvegis verði borið á allt greni við gróðursetningu og einnig á þriðja ári.

Skjólbelti

Ekki voru miklar skjólbeltaframkvæmdir á árinu og hefur niðurskurður á fjárveitingum bitnað hvað harðast á skjólbeltaframkvæmdum. Lagðir voru út 3 km af skjólbeltum og gróðursettir 23.967 plöntur og græðlingar. Langstærstur hluti skjólbeltaplantnanna fór niður á Norður-Héraði eða 98% og var aðallega um alaskaviði að ræða.

Áfram var fylgst með framvindu jarðyglu á svæðinu og fannst helmingi meira af lirfum þetta sumarið en það síðasta. Fjöldinn var þó ekki mikill, einungis ein lirfa kom fram við sýnatökur.

Meðaltalsþéttleiki jarðyglulirfa á Héraði



Jarðvinnsla

Verulega dró úr jarðvinnslu á árinu. Tvennt kemur til, annars vegar var reynt að gróðursetja eins mikið og hægt var í svæði sem ekki þurftu jarðvinnslu við og hins vegar var ákveðið að jarðvinna ekki langt umfram þarfir á hverjum stað. Nú er staðan þannig að lítið stendur af jarðunnum svæðum sem ekki er búið að gróðursetja í og fyrirsjáanlega þarf að jarðvinna meira á næsta ári.

Girðingar og slóðagerð

Nýgirðingar voru um 16 km á árinu og viðhald með svipuðu sniði og undanfarin ár. Friðunarmál hafa almennt verið í nokkuð góðu horfi en alltaf koma þó upp bilanir og vandræði á einstökum svæðum sem reynt er að leysa jafnóðum. Svæði sem girt eru með stórum sameiginlegum girðingum hafa að jafnaði verið erfiðari í friðun þar sem ábyrgð landeigenda er ekki eins vel afmörkuð og á einstökum svæðum.


Slóðagerð var töluverð og alltaf að aukast þörfin fyrir slóða á þeim svæðum sem komin eru á umhirðustig.

Bilun og grisjun

Þrátt fyrir að lagt væri upp með að bila umtalsvert á árinu tókst ekki að ljúka vinnu nema á um 11 ha svæði. Bæði var vinnan mikil og seinleg við að mæla upp reiti áður en bilun gat hafist og svo gekk mjög illa að fá fólk til starfa í haust. Ennþá eru ekki mjög margir aðilar sem taka að sér grisjunarvinnu en áttak er hafið í því að auka framboð námskeiða þar sem hægt er að læra undirstöðuatriði í meðferð keðjusaga og aðferðafræði við bilun. Mikil vinna bíður á næsta og næstu árum í hverskonar grisjunarvinnu og ekki er vafi á að hér á eftir að skapast grundvöllur fyrir öflugri atvinnugrein.

Samantekt

Að lokum er hér til gamans látin fljóta með samantekt í tegundaskiptingu gróðursetningar frá upphafi Héraðsskóga. Eins og sjá má er tegundasamsetningin ekki fjölbreytt til að byrja með og lerkíð yfirgnæfandi tegund.



Landslagsaðlögun skóga

Norðurlandsskógar stóðu fyrir námskeiði um landslagsaðlögun skóga.

Leiðbeinandi var Simon Bell sem er þekktur sérfræðingur víða um lönd á þessu sviði. Námskeiðið var dagana 5-7 maí og voru þátttakendur frá landshlutaverkefnum, Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Skógráði ehf. og Landbúnaðarháskólanum, allt fólk sem vinnur að gerð skógræktaráætla með beinum eða óbeinum hætti.



Auk fyrirlestra voru gerðar verklegar æfingar þar sem þátttakendur fengu raunverulegan kassalaga skógarreit sem laga átti að landslaginu og hanna nýjan skóg í framhaldinu. Þátttakendur voru sammála um að námskeiðið hafi tekist vel og myndi nýtast skógfræðingum í að gera enn betur en áður í að hanna skóga þannig að þeir falli sem best að landslagi.

Valgerður Jónsdóttir

Hraðrækt jólatrjáa á ökrum.

Lokaverkefni í skógfræði (BS) frá Hvanneyri unnið af Else Møller 2010.

Til að auka þekkingu og kunnáttu í jólatrjáaræktun á Íslandi var langtímarannsóknarverkefni sett af stað 2009 við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri; „Hraðræktun jólatrjáa á ökrum“.

Markmið verkefnisins er að kanna hvaða þættir hafa áhrif á ræktunina og hvaða tegundir henta til ræktunar á frjósömu landi. Langtímamarkmiðið er að finna hagkvæma, fljótlega og örugga leið til að framleiða íslensk jólatré.

Titill verkefnisins, sem er fyrsti hluti af langtímarannsókninni, er „Lifun ungplantna og áhrif mismunandi áburðarmeðferða“. Meginmarkmið verkefnisins var að búa til ræktunarmodel fyrir jólatré sem hentar við íslenskar aðstæður og einnig að skipuleggja og taka út langtímatilraun. Úttekt var gerð á lifun ungplantna og ýmsum vaxtarparametrum á unglöntunum til að kanna áhrif mismunandi áburðarskammta.

Þrjár mismunandi barrtegundir: Rauðgreni (*Picea abies*), blágreni (*Picea engelmannii*) og stafafura (*Pinus contorta*) voru valdar sem tilraunatré og gróðursett í frjósamt land á Hvanneyri. Þrjár mismunandi áburðarmeðferðir voru reyndar: Enginn áburður, lítill áburðarskammtur (12g) og stærri áburðarskammtur (24g), til að kanna áhrif áburðar í mismunandi magni á tegundirnar þrjár.

Niðurstöður úr fyrstu úttekt leiða í ljós að áburðargjöf á barrtré á frjósömu landi hefur neikvæð áhrif á lifun hjá öllum tegundunum, sérstaklega á stafafuru sem varð fyrir talsverðu áfalli í þeim reitum þar sem áburður var notaður. Niðurstöður sýndu að plöntur með stærri áburðarskammtinn voru mun verr undirbúnar fyrir vetur um miðjan október en plöntur sem höfðu fengið lítinn eða engan áburð. Af þessum niðurstöðum má álykta að engin þörf er fyrir áburðargjöf á nýgróðursetningar á frjósömum ökrum, gróðursetningarárið. Þær niðurstöður eru í samræmi við erlenda reynslu við meðhöndlun á nýgróðursetningu á frjósamt land.

Verkefnið er hægt að nálgast á heimasíðu Héraðs- og Austurlandsskóga:

www.heradsskogar.is

EM

Hvernig er orðið BILUN í skógrækt tilkomið?

Þegar bilun á sér stað er verið að jafna millibil milli trjáa í ungskógi um leið og þau tré sem talin eru óæskileg eru felld. Hér er því ekki eingöngu verið að millibilsjafna heldur einnig að auka gæði skógarins.

Í daglegu tali á orðið bilun við allt annað en hér um ræðir. Bilun í vél getur átt við vél sem er í ólagi, andlegt ójafnvægi er oftast en ekki kallað að vera bilaður en að bila, í merkingunni að jafna bil á milli einhvers hefur ekki heyrst oft. Bilun í skógrækt hefur verið kölluð ýmsum nöfnum í gegnum tíðina. Lengi framanaf var norska orðið afstandsregulering almennt notað yfir fyrirbærið meðal skógarmanna en það þótti nokkuð útlenskt og því hafa menn reynt að finna eða búa til gott íslenskt orð í staðinn. Notkun á hugtakinu bilun í þessari merkingu hófst í samræðum manna á milli á skrifstofum Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga á Egilsstöðum skömmu fyrir aldamótin 2000. Snemmgrisjun, rýmkun, fyrsta grisjun og millibilsjöfnun voru reynd og Einar Gunnarsson stakk uppá nýyrðinu grisjun svo eitthvað sé nefnt. Eitthvað af þessum orðum eru enn í gangi, en orðið bilun hefur líklega fengið mestan hljómgrunn. Sá verkþáttur, sem hér er átt við með orðinu bilun, á mikið skylt með því almenna orði grisjun og í sjálfu sér er þetta ekkert annað. En málið er ekki svo einfalt.

Droplaugarstaðir, Bilun, seinni úttekt, Lárus skógarbóndi.



Sú skilgreining sem alla jafna er lögð í orðið grisjun er að höggva tré í ungskógi. Þetta er þá ein tegund skógarhöggs en á þó ekki við um fellingu trjáa sem komin eru í fullan aldur, þ.e.a.s. lokafellingu. Fagaðilar vilja líta svo á að skilgreiningin á grisjun sé sú að grisjunin eigi að getað skilað tekjum, helst staðið undir sér, en til að grisjun geti borgað sig þarf timbrið í skóginum að vera orðið svo stórt að hægkvæmt sé að fella það, afkvista og draga það úr skóginum. Bilun aftur á móti þarf ekki að skila tekjum, en á hins vegar að auka viðargæði í skóginum til framtíðar og mun þar af leiðandi borga sig þegar til lengri tíma er lítið.

Upphafleg merking orðsins bilunar var að öllum líkindum sú að þegar bátur var dregin á land og hann þornaði, skruppu viðir hans saman og bil myndaðist á milli, ef báturinn var ekki vel smíðaður og tjargaður. Bátur sem bilaði var þá illa gerður til að byrja með. Íslenska tungan hefur breyst í tímans rás og orðið fyrir ýmsum áhrifum, þó kannski ekki jafn mikið og önnur tungumál. Orðið gresja er komið til frá fornu fari og er átt við grasgefið svæði. Á þessar gresjur var beitt búfenaði en í tungumálum skyldum íslensku er talað um „grisjun“ þegar átt er við að beita. Beitið þýðir á dönsku græsning, og ensku grazing, en Norðmenn og Svíar tala reyndar

um beitið. Á norsku, dönsku og ensku er talað um að þynna þegar átt er við grisjun skógar og Svíar tala um gallring (hvað sem það merkir). Á skyldum málum er orðið grisjun hvergi notað í sambandi við skógarhögg. Líklega hefur merking orðsins breyst í íslensku tungu

Þannig að í stað þess að merkja það að bíta gras hefur það nú almennari merkingu, þ.e. að fækka einhverju með einhverskonar vali (nákvæmlega það sem búpeningur gerir þegar hann bitur gras).

Í nágrannalöndum okkar er gerður fyrrgreindur greinamunur á milli grisjunar og bilunar, það er að segja að aðgreina þetta tvennt. Orðið bilun á norsku, sænsku og dönsku hefur með stillingu á afstandi að gera og juvenile spacing má segja að sé bein þýðing á enskunn.

Hugtakið bilun í merkingu þess að jafna bil milli trjáa í ungskógi hefur ýmsa kosti. Það er stutt og þjálft. Það átti upphaflega við um bil milli viðja. Það er ekki nýyrði eins og gisjun. Það hefur húmor í för með sér og kemur mönnum til að brosa. Hvort bilun sé besta orðið skal ósagt látið, en vonandi gefur þetta tilefni til samræðna og jafnvel samstöðu. Látum þetta gott heita af bilun í bili.

HGS/PE

Bilun á Fljótsdalshéraði

Héraðs- og Austurlandsskógar, í samvinnu við Skógrækt ríkisins og Félag skógarbænda á Austurlandi, hafa undanfarin misseri lagt mikla vinnu í gerð leiðarvísis í bilun. Verkefnið var að hluta til styrkt af NPP verkefninu PelleTime. Með orðinu bilun er átt við að jafna bil á milli trjáa í ungum skógi. Fleiri orð eða orðasambönd sem lýsa þessum sama verknaði eru t.d. millibilsjöfnun, forgrisjun, gisjun og rýmkun en orðið bilun hefur fengið ágætan hljómgrunn hér á Austurlandi og var því tekin ákvörðun um að nota það orð áfram.

Aðdragandi þessarar vinnu kemur aðallega til af tveimur þáttum. Það sem vegur hvað þýngst er að margir skógarreitir á Fljótsdalshéraði eru komnir á þetta stig umhirðu, sem er eitt það mikilvægasta í skógarumhirðu ef markmiðið er að fá gott timbur. Annar þáttur er sá að tryggja sem mesta sanngirni meðal skógareiganda, landshlutaverkefnisins og verktaka (ef hann er). Með tilkomu þessa leiðarvísis sitja allir við sama borð og eiga markmiðin og vinnureglur að vera skýrar.

Í leiðarvísinum er tekið á hugmyndafræðinni með bilun/grisjun, farið ítarlega yfir úttektaferlið og síðast en ekki síst, farið yfir framkvæmd bilunarinnar, bæði lið fyrir lið í orðum og skýringarmyndum. Leiðarvísinn má finna á heimasíðu Héraðs- og Austurlandsskógar. www.heradsskogar.is.

HGS



Uppkvistaður og nýbilaður skógur í Brekkugerði í Fljótsdal. Frosinn Lögurinn í bakgrunni.



Mynd af vettvangi við bilun.

Grisjunarnámskeið á Hallormsstað

12.-15. apríl 2010

Hörkugott námskeið í grisjun var haldið á Hallormsstað í blíðskaparveðri dagana 12. -15. apríl fyrir tilvonandi og núverandi skógarhöggsmenn á Norður- og Austurlandi. Í vikunni á undan var samskonar námskeið haldið í Skorradal fyrir Vestur- og Suðurland. Á meðan á námskeiðinu stóð hófst eldgos í Eyjafjallajökli. Ekki það að það hafi haft nokkur áhrif á námskeiðið en það munaði þó minnstu, verður betur vikið að því síðar. Þór Þorfinnsson, skógarvörður á Hallormsstað, hafði veg og vanda undirbúningi námskeiðsins og fékk hann þaulreyndan skógarhöggsmann til að leiðbeina ellefu misreyndum skógarhöggsmönnum. Leiðbeinandinn Tom Rune Engen, starfar sem skógarverktaki og kennari hjá Skogbrukets Kursinstitutt í Noregi, www.skogkurs.no

Dagur 1 (Mánudagur 12. apríl).

Fyrsti dagurinn fór fram innandyrna á hótelinu á Hallormsstað þar sem Tom fór yfir nokkra helstu þættina varðandi skógarhögg á borð við praktíska grisjun og útdráttaraðferðir, viðgæði og vistfræði. Það ber að undirstrika að lögð er mikil áhersla á að hafa alla umhirðuþætti eins ódýra og hægt er, allt frá gróðursetningu til lokahöggs. Hér á eftir koma nokkrir punktar frá þeirri inniveru.

- Í Noregi er þéttleikinn í gróðursetningu á rauðgreni 1200 tré/ha, ekki gróðursett of mikið.
- Áhersla lögð á praktíska forgangsröðun við grisjun.
 - Grisja fyrst vegi/slóða. Það borgar sig þegar fram í sækir.
 - Forgangsráða reitunum, taka fyrst þá reiti sem gefa mest af sér.
 - Fara sjaldan í reitina.
- Norðmenn vilja tala um praktík númer eitt, tvö og þrjú: réttur fjöldi, rétt gæði og rétt dreifing.
- Yfirhæð í bilun (snemmgrisjun, millibilsjöfnun) skal vera frá 1,5 metra háum trjám upp í 6 metra.
- Yfirhæð fyrstu grisjunar (það er grisjun sem stendur undir sér fjárhagslega) í greni ætti að



Begga hjá Skógrækt ríkisins færði grisjunarmönnum kaffi. F.v. Benni, Einar, Tom, Sveinn, fótur á Jóa, Þór, Jón Þór, Rúnar, Begga, Teitur, Bjarki og Palli.

vera frá 12 metrum upp í 20 metra há tré.

• Við lokahögg ætti þéttleiki að vera:

- Greni 800-1200 tré/ha
- Fura 600-800 tré/ha
- Lerki 300-500 tré/ha

• Vistvænt vottaðir skógar. Allt bendir til þess að í náginni framtíð verði gerð meiri krafa á að timbur sé vistvænt. Til dæmis vilja Þjóðverjar einungis kaupa vistvænt vottað timbur. Með orðinu vistvænt er hér átt við að gera alla framkvæmdarliði vistvæna: að notað sé bio-eldsneyti á vinnuvélar, að önnur vistkerfi hljóti ekki skaða (til dæmis mýrar í skógarjaðrinum), og þess háttar.

• Norðmenn vilja kaupa kvistlaust lerki.

• Skipta má trjábol upp í þrjá álíka stóra hluta hvað varðar nýtingu:

- Efsti hlutinn (toppurinn) er notaður í pappír.
- Miðhlutinn (mikið af lifandi kvistum) er notaður í byggingavinnu.
- Neðsti hlutinn (gildasti) er annað hvort fyrsta flokk kvistlaus viður, eða slæmur viður, með mikið af dauðum kvistum.

• Útdráttur við grisjun, praktíska leiðin.

• Basvegur: Stofnbraut (fylla af greinum, en ekki toppum, þeir mega vera í jaðri slóðarinnar) Alls ekki háa stubba. Stofnbraut liggur í gegnum vinnusvæðið. Tengir alla stikkvegi saman. Mjög mikilvægt er að gefa sér tíma til að ákveða hvar basvegur á að liggja, það getur sparað óheyrilegan tíma.

• Stikkvegur: Útdráttarslóðar (traktorsslóð) (fylla af greinum, ekki toppum) ekki skilja eftir háa stubba. Æskilegt að hafa millibil eins langt og unnt er. Venjulegt millibil er um 20-40 m.

• Spilslóðir: Raða timbri upp í litla stæðu, láta vera pláss undir annan endann svo hægt sé með góðu móti að þræða útdráttarvirinn uppá, stæður mega ekki liggja lengra en dráttartaug nær. (EKKI mega vera greinar á þessum leiðum.) Stubbar mega ekki vera háir og ef svo, verður timbrið að geta dregist yfir þá. Gott er að notast við svokallað „pulk“ við útdrátt, en það er einskonar kerra án hjóla sem lítur út eins og hálfur kanó. Mikilvægt er að ekki séu háir stubbar í útkeyrsluslóðum!



Leiðbeinandinn, Tom Rune Engen, styður sig við vinnubekk. (Mynd: Þór Þorfinnsson)

Dagur 2 (Þriðjudagur 13. apríl).

Dagurinn hófst í lerkiskógi á Buðlungavöllum, skammt innan við Hallormsstað, en þar var þriggja hektara reitur sem komið var á grisjunarstig, afmarkaður mýrardrögum. Þemað fyrir hádegi var „basvegir“ (stofnbrautir). Verkefnið var að ákveða hvar vænlegast væri að leggja basveg um reitinn. Nemendunum var skipt í tvo hópa sem gengu upp með reitnum, sitt hvoru megin og var hugmyndin að hittast efst og spekulera svolítið. Þrátt fyrir að landið hafi verið bratt og blautt á köflum voru hóparnir með svipaðar hugmyndir um hvar basvegurinn ætti að liggja í megindráttum. Tom lagði mikla áherslu á mikilvægi þess að gefa sér góðan tíma, áður en grisjun hefst, í að ganga umhverfis og inn í grisjunarreitinn og skipuleggja stofnbrautir og stikkvegi með litaböndum. Merkingaraðferðir eru mikilvægar, eða öllu heldur að allir viti hvaða aðferð skuli nota. Til dæmis getur sá sem merkir leiðina látið hnútinn snúa inn að vegi, þá vita grisjunarmenn það og fella fyrir slóðanum þeim megin, en skilja merkingartréð eftir.



Páttakendur og skipuleggjendur. Grisjunarnámskeið Buðlungavellir fv. Sveinn I, Jón Bj, Jóhann Þ, Jón Þór, Einar, Þór, Bjarki, Hlynur, Páll, Tom, Lárus, Teitur, Benni, Rúnar. (mynd: Bergrún A. Þorsteinsdóttir)

Eftir hádegi fór Tom yfir fellingartækni. Mjög mikilvægt er að tileinka sér rétt vinnubrögð frá fyrsta degi og reyna að gera sér vinnuna sem léttasta því tilfellið er að starfsaldur skógarhöggsmanna er fremur stuttur og eru gamlir skógarhöggsmenn mjög oft slæmir í skrokknum og þá sérstaklega í baki.

Tom fór yfir það, skref fyrir skref, hvernig fella á tré. Svo bryddaði hann upp á svolitlu sem íslenskir skógarhöggsmenn eru ekki vanir, en það eru vinnubekkirir. Þessi tækni léttir umtalsvert á líkamlegu vinnunni. Hugmyndin er að fella tré í tæplega mittishæð og búa til vinnubekk úr því tré. Þá má fella aðstandandi tré ofaná bekkinn og þarf því ekki að bogra eins mikið og ella. Ókostirnir við þessa aðferð eru þeir að grisjunarmaður þarf að hugsa ögn meira, uppá hvaða tré hann ætlar að nota sem bekk, hvert hann ætti að fella það og ýmislegt þannig. Einnig verða eftir háir stubbar sem annars hefðu geta nýst sem timburviður; stubbarnir eru venjulega sagaðir niður eftir notkun. Tom mælti engu að síður með þessu og vildi meina að það væri betra að fórna einum og einum stubbi ef það myndi bjarga heilsu skógarhöggsmannsins.

Þá sýndi Tom hvernig á að fella þegar notast væri við „stikkvegi“ og „spilslóðir“. Í grundvallaratriðum gengur hið fyrrnefnda út á að fella í litlar stæður sem eru aðgengilegar fyrir krana. Töluvert meiri útsjónarsemi þarf við þegar fellt er fyrir spil. Huga þarf að því hve langa leið þarf að draga, hvernig kemst stæðan greiðlegar í gegnum skóginn og þar fram eftir götunum.

Í lok dags fengu allir að munda keðjusagirnar sínar og var farið í að grisja fyrir basveginum. Á meðan gekk Tom á milli manna og gaf hverjum og einum tilsögn.

Dagur 3 (Miðvikudagur 14. apríl).

Fyrir hádegið var haldið áfram að grisja basveginn. Eftir hádegið var farið yfir keðjusögina, brýningartækni, umhirðu og ýmislegt fleira henni tengt. Að því loknu fóru menn að grisja og grisja fyrir stikkvegum. Allir reyndu að nýta sér vinnubekkjatæknina en reyndist hún oft snúnari en þegar Tom sýndi hana daginn áður. Flestir voru þó sammála að þetta létti töluvert á skrokknum.

Dagur 4 (Fimmtudagur 15. apríl).

Þessum degi var eytt á Hallormsstað. Fyrst var farið í 50 ára gamlan lerkireit ofan við Mörkina þar sem farið var yfir hvernig ætti að fella mjög stór tré. Þar sem sverðið á keðjusöginni er í flestum tilfellum mun styttra en þvermál trésins þá gæti þetta reynst þrautin þyngri. Ákveðin atburðarrás hefst þegar þannig tré er fellt. Fyrst ber að athuga hvort einhverjum í nágrenninu stafi hættu af. Síðan hvort maður sjálfur sé í hættu. Eftir það þarf að ákveða fellingarátt með tilheyrandi vangaveltum. Þá skal sagað eftir mikilli kúnst: taka fellingarskurð, saga inn í kjarnviðinn, þá saga hægra megin að miðju, koma fyrir fellijárni og að lokum saga vinstra megin. Þegar búið er að saga, skal athuga aftur um mannaferðir til að gæta öryggis, þá skal ákveða flóttaleið og fyrst þá má fella tréð með því að lyfta fellijárninu. Þegar tréð er svo komið á jörðina skal uppkvista tréð og um leið eru valdir staðir til að „kúttu“ tréð, það er að saga það niður í lengdir. Að uppkvistun lokinni er tréð „kúttu“ niður í svona 3-4 búta og þarf þá að gæta að spennu í trénu.

Að þessari athöfn lokinni var farið í hvernig skal saga óhefðbundin tré við óhefðbundnar aðstæður. Sem dæmi um það er tré sem hefur fallið í vindi. Mikil spenna er oft í þannig trjám og er þá beitt alls konar kúnstum til að „losa“ stressið og auka öryggi.

Að síðustu var farið yfir kjarsögun. Farið var yfir kjarsögina sjálfa, viðhald, brýningu og blaðtegundir. Tom tók svo á kjarsöginni og sýndi ýmsar listir. Hann sagði reyndar að það tæki mikinn tíma að ná góðum völdum á söginni. Sagði meðal annars að þegar hann hefði byrjað að nota kjarsög þá hefði hann gefist upp eftir tvo tíma og farið aftur og notað keðjusögina. Nokkrum mánuðum síðar reyndi hann aftur við kjarsögina og á þrjósökunni komst hann upp á lag með hana, enda sýndi hann hvers hún er megnug án mikils erfiðis.

Eins og áður segir hófst eldgos í Eyjafjallajökli á meðan á námskeiðinu stóð og var tvísýnt hvort Tom kæmist til sín heima, auk þess sem öskustrókurinn stefndi yfir til Noregs. Því kom það til tals hvort ekki mætti framlengja námskeiðið þar til að gosinu lyki. En af því varð ekki, heldur fór Tom til Reykjavíkur og ílengdist þar í nokkra daga þar til það var loksins flugfært austur yfir hafið.

Að endingu vil ég þakka Skógrækt ríkisins kærlega fyrir að koma þessu námskeiði á koppinn og sérstaklega vil ég þakka Tom Rune Engen fyrir kennsluna.

Námskeiðið sóttu: Benjamín Örn Davísson, Bjarki Sigurðsson, Einar Örn Guðsteinsson, Hlynur Gauti Sigurðsson, Jóhann Þórhallsson, Jón Björgvin Vernharðsson, Jón Þór Tryggvason, Páll Eyjólfsson, Rúnar Ísleifsson, Sveinn Ingimarsson og Teitur Davíðsson

HGS/Þór Þorfinnsson

Umhirðu- átak

Í haust voru haldin tvö námskeið í skógarumhirðu og voru þau opin fyrir almenning. Fyrri námskeiðið fór fram dagana 12.-14. október og fór að mestu fram á Hallormsstað og fjallaði um trjáfellingu og meðhöndlun keðjusaga. Það var haldið af Landbúnaðarháskóla Íslands undir leiðsögn Björgvins Eggertssonar. Á það mættu fjórir keðjusagahæfir skógarbændur og einn ungur og efnilegur skógarbóndi.



Hitt námskeiðið kom í kjölfarið af hinu og stóð yfir í tvo daga. Það fjallaði um umhirðu ungskóga og var haldið af Héraðs- og Austurlandsskógum (HASK). Fyrri dagurinn fór fram í húsakynnum Þekkingarnetsins á Egilsstöðum og á það mættu 14 skógarbændur. Ítarlega var farið yfir innihald leiðarvísis, sem hefur verið í

gerð undanfarin misseri á vegum HASK, en leiðarvísinum hefur verið gefið nafnið „Umhirða í ungskógi, leiðarvísir fyrir bilun, tvítoppklippingu og uppkvistun“. Hann má nálgast á heimasíðu HASK. Síðari dagurinn fór fram á Höfða á Völlum. Fyrir hádegi var farið í sextán ára lerkiskóg þar sem nemendur fengu að velja tré til fellingar. Þá voru trén felld og nemendur sáu hvað var gert rétt og hvað hefði betur mátt fara. Eftir hádegi fóru nemendur að tvítoppklippa og uppkvista undir leiðsögn Þrastar Eysteinnssonar og námskeiðshaldara.

Mikil áhersla hefur verið lögð á umhirðu ungskóga þetta árið, sérstaklega þann þátt sem gjarnan er nefndur „bilun“. Skógarnir sem heyra undir HASK eru að ýmsu tagi. Skógarnir á Héraði eru mismunandi gamlir, mismunandi þéttir, mismunandi stórir og mismunandi efnilegir til timburframleiðslu, en það er helsta markmið HASK að búa til timbur-auðlind á Austurlandi. Vegna þess hve skógarnir eru breytilegir er mis erfitt að átti sig á því hvað skal gera við þá. Sumir skógar eru svo illa farnir af snjóbroti, lélegu kvæmavali og hreindýraskemmdum að það er spurning hvort það borgi sig að grisja þá. Aðrir skógar eru mun efnilegir, með mikið af gæðaviði af ýmsum tegundum.

Áður en hafist er við bilun/grisjun er skógurinn mældur í bak og fyrir. Mæld er stærð reitar, þéttleiki, hæð og þvermál (þegar það á við). Út frá þessum mælingum er svo ákveðið á hvað skal leggja áherslu við meðhöndlunina og að síðustu hver greiðslan muni vera. Á árinu var mælt fyrir 42 reitum á 80 hekturum á 23 jörðum (Arnheiðarstaðir, Ás, Ásgarður, Brekkugerði, Droplaugarstaðir, Hof, Holt, Hvammur, Kaldá, Melar, Miðhúsasel, Setberg, Sólbrekka, Staffell, Strönd, Teigaból, Uppsalar, Vallanes, Valþjófsstaðir II, Víðivallagerði, Víðivellir ytri I og Þrándarstaðir). Af þessum 80 hekturum hófst vinna á 50 þeirra en einungis voru 12 hektarar kláraðir fyrir lok ársins, það eru 15% af uppmældum reitum. Ef að líkum lætur mun þessi tala verða tvöfölduð á fyrri hluta næsta árs. Flestir skógarbændurnir hyggast draga nýtanlegt efni út úr skóginum og sumir þeirra ætla sér að gróðuretja skuggþolnar tegundir undir skerminn, í þeim tilvikum þar sem gæðatrén eru fá.

Næsta ár verður með svipuðu sniði. Mun fleiri bæjir hafa sóst eftir bilun/grisjun fyrir næsta ár og er því stefnt er á að halda námskeiðin tvö aftur í október 2011.

Greinahöfundar

HGS/SC

Reynslan af nýju úthlutunar- fyrirkomulagi á plöntum

vorið 2010

Nýtt fyrirkomulag við plöntuúthlutun var reynt sl. vor. Ekki er hægt að segja að það hafi verið alveg nýtt, því það var notað, í örlítið annarri mynd, á fyrstu árum Héraðsskóga, en þá gekk erfiðlega að fylgja því eftir. Reynslan var sú að sumir skógarbændur sóttu ekki plöntur sínar á gróðrarstöðvarnar en það leiddi til þess að Héraðs- og Austurlandsskógar (HASK) gátu setið uppi með hundruð plantna í lok gróðursetningartímabilsins. Í tímans rás komst á annað úthlutunarfyrirkomulag, eða öllu heldur lögmál, frumskógarlögmálið; „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Verktakar nýttu sér þetta vel og ríkti ánægja með það að plönturnar komust niður á tilætluðum tíma. Þetta hentaði hins vegar mörgum skógarbændum illa sem vildu gróðursetja sjálfir. Vorverk hjá þeim flestum standa sem hæst um þetta leyti og áttu margir óhægt um vik að sinna gróðursetningunni á þessum tíma. Skapaðist því eðlilega óánægja því þegar þeir vildu hefja gróðursetningu fengu þeir engar plöntur eða þá að eingöngu buðust tegundir sem hentuðu ekki í þeirra landi.

Æskilegast er að búið sé að gróðursetja áður eða um það leyti sem plönturnar fara að vaxa. Því gengur ekki til lengdar að liggja með plönturnar á gróðrarstöðvunum og eiga það á hættu að þær verði sóttar seint og jafnvel ekki.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar til að sefa þessa óánægju og náðist samkomulag um að reyna leið sem tekur mið af þörfum flestra. Í úthlutunarbrefi sem sent var á skógarbændur snemma vors, var kerfinu lýst á eftirfarandi hátt:

Reynt var að gæta jafnræðis við úthlutun plantna í ár. Í stuttu máli fengu þeir sem pöntuðu mikið af plöntum hlutfallslega meiri skerðingu en þeir sem pöntuðu lítið. Því miður voru ekki nægilega margar plöntur í pottinum til að allir fengju það sem þeir vildu en vænst er til þess að með þessari aðferð fái sem flestir eitthvað og vonandi að meiri sátt skapist um úthlutunina



Fjórir hressir við gróðursetningu á Brekkuseli, Hróarstungu. F.v. Kristófer Vikar, Ingólfur, Björgvin og Steinar Atli

1. Þær jarðir sem pöntuðu 10.000 plöntur eða færri fengu óskerta pöntun. Það á við um tegundir, bakkastærð og magn. Sumar þessara jarða voru með jarðunnið land. (Það voru 35 jarðir með 172.000 plöntur, 17% af plöntuframboði)
2. Úthlutað var í þær jarðvinnslur sem voru tilbúnar. Ekki tókst alltaf að úthluta því sem var óskað og fengu því sumir aðrar tegundir en þeir pöntuðu. Úthlutað var með tilliti til vaxtaskilyrða plantna. Í sumum tilfellum var úthlutunin í jarðvinnslu minni en 17.000 plöntur (sjá lið 3) og fengu þær jarðir sem þess óskuðu plöntur umfram jarðvinnslu. (Það voru 22 jarðir með 570.000 plöntur, 54% af plöntuframboði)
3. Afganginum af plöntunum var skipt jafnt milli þeirra sem eftir voru og voru það um 17.000 plöntur á jörð. Þetta eru þær jarðir sem ekki voru með neina jarðvinnslu. (Það voru 19 jarðir, með 299.000 plöntur, 19% af plöntuframboði)

Þessi úthlutun miðaði við allar þær plöntur sem HASK hafði pantað hjá gróðrarstöðvunum, Barra og Sólskógum. Ekki var tekið tillit til affalla við úthlutunina en það hefði verið vænlegra að hafa meira samráð við gróðrarstöðvarnar þar sem meira og minna ekkert var til af gráöl og umtalsverð skerðing varð á ýmsum öðrum tegundum. Þetta setti mikla skekkju í

úthlutunina og var því aftur úthlutað seint í maí, en margir voru byrjaðir að gróðursetja þá og olli þetta smávægilegum hnökrum. Þegar kom að 11. júní, deginum sem átti að vera búið að sækja allar plöntur, voru margir búnir að gróðursetja og þótti starfsmönnum HASK það nokkuð gott. Eitthvað var þó eftir af plöntum og var þeim skipt niður á nokkra bæi sem vildu fá meira.

Almenn ánægja var með þessa úthlutunaraðferð, bæði meðal skógarbænda, gróðrarstöðva og starfsmanna HASK. Þó var einn hópur sem fór svolítið halloka en það voru stóru verktakarnir. Með þessu fyrirkomulagi voru þeirra aðstæður öðruvísi en áður. Þetta leiddi til þess að umsýslan varð flóknari. Í stað þess að einskorða gróðursetninguna við fáar jarðir urðu þeir að hafa fleiri jarðir til þess að þurfa ekki að segja upp starfsfólki. Ofaná þetta bættist að eftir 11. júní þurftu þeir í sumum tilfellum að fara aftur á fyrri jarðir og halda áfram þar sem þá hafði verið endurúthlutað á jarðirnar og það eftir að starfsmönnum hafði verið sagt upp.


Lærdómurinn af þessu úthlutunarkerfi er:

- Skógarbændur eru í flestum tilfellum ánægðari.
- Starfsmönnum gróðrarstöðvanna líkaði þetta fyrirkomulag, sögðu það skilvirkt og hafði ekki í för með sér meira vinnuálag en áður tíðkaðist. Auk þess sem meiri ánægja var meðal skógarbænda.
- Verktakar munu sennilega færast úr því að vera stórar einingar í það að verða minni og fleiri.
- Mun meiri undirbúningsvinna liggur á starfsmönnum HASK en að sama skapi verður eftirlit með gróðursetningu mun þægilegra þegar ekki þarf að hafa áhyggjur af fyrrgreindu „frumskógarlögmáli“.
- Meira samstarf þarf að vera milli gróðrarstöðva og HASK varðandi lifun og fleira.

Starfsmenn HASK vilja þakka skógarbændum, starfsmönnum gróðrarstöðvanna og verktökum fyrir jákvæð viðbrögð í garð þessa úthlutunarkerfis.

HGS

Plöntuframboð og eftirspurn



Stiklingatilraun Hnitbjörgum

Á Hnitbjörgum í Jökulsárhlíð var lögð út lítil tilraun til að koma, á sem einfaldasta og ódýrasta hátt upp skjóli.

Lagt var upp með að klippa 40 cm langa stiklinga af alaskavíði og stinga djúpt niður í jörð. Venjulega eru stiklingarnir styttri en hugmyndin með þessu var að koma rót fyrr niður í grunnvatn. Árangurinn var eins og búist var við, lifun var greinileg á um 60% stiklinganna, en í sumum tilvikum var ekkert lífvænlegt að sjá ofan yfirborðs þó svo að það væri lifandi rótakerfi. Því má mögulega búast við betra lifunarhlutfalli þegar upp verður staðið.

*Nú er úti veður vott
verður margt á floti.
Úr viðjum sprettur víðir flott
í vatns-ástar-atloti.*

Stiklingunum var stungið með plóg í sendinn jarðveg um mánaðamótin maí/júní. Þá var frost nýfarið úr jörðu og stiklingarnir voru við það að fara að mynda brum og því ákjósanlegasti tíminn. Því miður var tíðin frekar þurr langt fram í júní en tíðarfarið á þessum er slóðum er oft þurrt.



Hnitbjörg.

HGS

Áburðar- og kalktilraun í Skógargerði

Í Skógargerði í Fellum er búið að gróðursetja greni í plógstrengi í framræstri mýri. Grunnvatnsstaðan er ennþá fremur há og virðist vera töluvert járn í jarðveginum. Grenið vex ekki hratt og vart hægt að segja að það dafni vel. Á litlu svæði (10 plógför) var sett út eins konar tilraun í vor en hún felst í því að sjá hvernig mismunandi bætiefni í mismunandi magni hafa áhrif á grenið. Tilraunin var sett upp á eftirfarandi hátt.

Röð 1: Einn skammtur (12,5 gr) af hreinu kalki (K) á hverja plöntu.

Röð 2: Tveir skammtar af hreinu kalki á hverja plöntu.

Röð 3: Þrír skammtar af hreinu kalki á hverja plöntu.

Röð 4: Einn skammtur (12,5 gr) af áburði (Sprettur N 26-P 13) á hverja plöntu.

Röð 5: Tveir skammtar af áburði á hverja plöntu.

Röð 6: Þrír skammtar af áburði á hverja plöntu.

Röð 7: Einn skammtur af kalki og einn skammtur af áburði á hverja plöntu.

Röð 8: Tveir skammtar af kalki og tveir skammtar af áburði á hverja plöntu.

Röð 9: Þrír skammtar af kalki og þrír skammtar af áburði á hverja plöntu.

Röð 10: Enginn meðhöndlun.

Þar sem þessi tilraun er ekki hávísindaleg þá fóru ekki fram neinar mælingar, eins og á hæð grenisins og lit, en engu að síður veður gaman að sjá afraksturinn, ef einhver verður.

HGS

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur	2006	2007	2008	2009	2010
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	140	148	151	153	155
2 Flatarmál í hekturum	15.027	16.169	16.495	16.761	17.777
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	73	66	63	67	69
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	98	94	96	96	86
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	10	11,7	18,1	3,6	3,0
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.408.830	1.478.211	1.480.927	1.389.740	982.396
7 Kostnaður per gróðursetta plöntu	96,3	117,1	118,2	108,0	132,9
8 Grisjaðir/bilaðir hektarar	27,2	14,2	47,3	17,4	10,9
9 Ársverk	5,4	5,7	4,9	4,7	4,3

Lykiltölur úr ársreikningi	2006	2007	2008	2009	2010					
10 Heildarfjárveiting + sértekjur	153.254.790	155.504.196	161.145.300	151.673.225	129.356.320					
11 Heildargjöld	135.604.995	173.137.694	174.991.190	150.071.960	130.601.624					
12 Laun og launatengd gjöld	28.900.226	21,3%	35.529.776	20,5%	31.263.229	17,9%	29.570.352	19,7%	28.740.472	22,0%
13 Starfstengdur kostnaður	6.949.641	5,1%	5.211.402	3,0%	5.430.500	3,1%	4.017.930	2,7%	4.266.132	3,3%
14 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	8.575.232	6,3%	12.230.944	7,1%	13.380.174	7,6%	10.108.689	6,7%	10.727.911	8,2%
15 Framlög til skógarbænda	81.215.287	59,9%	102.897.560	59,4%	122.949.698	70,3%	104.555.687	69,7%	82.773.641	63,4%
16 Annar rekstarkostnaður	6.613.075	4,9%	12.751.084	7,4%	1.907.205	1,1%	1.323.575	0,9%	3.138.528	2,4%
17 Eignakaup	3.351.534	2,5%	4.516.928	2,6%	60.384	0,0%	495.727	0,3%	954.940	0,7%
18 Ýmsar sértekjur	6.254.790	4,1%	4.304.196	2,8%	5.345.300	3,3%	16.473.225	10,9%	1.056.320	0,8%
19 Hagnaður/Tap	17.649.795	11,5%	-17.633.498	-11,3%	-13.845.890	-7,9%	1.601.265	1,1%	-1.245.304	-1,0%

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með einhverjar framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Fjöldi gróðursettra plantna deilt í heildargjöld ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungsjógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvuþj., prentun, bókhald, bifr.-húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap

Kindagötur, ánamaðkar og steypa í Brekkuseli

Í Brekkuseli í Hróarstungu hefur verið fíkað við ýmislegt. Bóndi þar gróðursetti lerki beint í gamlar kindagötur. Í kindagötum leynast betri aðstæður fyrir smáplöntur en margur hefði haldið. Kindur hafa í aldaraðir gengið eftir þessum götum og skilið eftir sig töluvert magn af lífrænum áburði í gegnum tíðina. Einnig eru göturnar oftar en ekki niðurgrafnar og mynda því ákjósanlegt skjól fyrir smáplöntur. Þar myndast líka oft meiri raki en í nánasta umhverfi. Þetta eru því kjör aðstæður fyrir smáplöntur, með lífrænum áburði, skjóli og raka. Trén munu svo vaxa úr grasi og mynda eins konar skjólbelti hingað og þangað um jörðina og þá verður tilvalið að halda áfram hefðbundinni skógrækt. Þegar fram í sækir mun þetta líta út eins og einhvers konar umhverfislistaverk, sérstaklega úr lofti.

Allir vita að þegar ánamaðk er að finna í jarðvegi, ber það vott um fjósaman jarðveg, eða er það svo? Brekkuselsbóndinn hefur verið að rækta ánamaðka gagngert til að bæta jarðveginn í Brekkuseli en ræktunin hefur ekki náð því marki að hægt sé að prófa mikið að svo stöddu. En eitt þykir skjóta skökku við, stafafuru var komið fyrir í rýrum jarðvegi ásamt ánamaðki. Nokkru síðar kom í ljós að öll mold af hnausnum var horfin og engin ummerki eftir ræningjann.

Brekkuselsbóndinn er með „nestispakka“ fyrir plöntur í þróun sem er hugsaður fyrir þurr mólendi. „Nestispakki“ þessi samanstendur af áburðarskammti, sandi og leir og líkist fyrst í stað grárrí steypu, enda álíka harður. Raki nær að haldast í leirnum og áburðurinn er til staðar og því má alveg búast við að þetta geti hentað við sumar aðstæður.

HGS



Mælivellir, girðing 28 júlí 2009, hreindýrastopp

Fundargerðir

109. stjórnarfundar

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 3. febrúar 2010.

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 108 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Umsókn um framlag til mats- og vottunarkerfis fyrir kolefnisbindingu í íslenskum skógum
3. Fjárhagsáætlun 2010
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS). Fundarritari: Freyja Gunnarsdóttir

1. Fundur settur og fundargerð 108 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Umsókn um framlag til mats- og vottunarkerfis fyrir kolefnisbindingu í íslenskum skógum.

Borist hefur erindi frá kolefnisbindingarnefnd Landssamtaka skógareigenda (Lse) og rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins Mógilsá þar sem farið er fram á fjárstuðning landshlutaverkefnanna (LHV) til þess að þróa mats- og vottunarkerfi fyrir kolefnisbindingu í íslenskum skógum. Heildarfjárhæð þess sem sótt er um til LHV er 1,5 millj og hlutur HASK í því yrði 410.850 kr.

Stjórnin óskar eftir að fá yfirlit um heildarkostnað við verkið og vill sjá hver fjárhagsleg aðkoma Skógræktar ríkisins er, en samþykkir að veita framlag allt að kr. 410.850 með fyrirvara um þátttöku annarra landshlutaverkefna.

Gert verður ráð fyrir þessum lið í fjárhagsáætlun.

3. Fjárhagsáætlun 2010.

ÓIS lagði fram fjárhagsáætlun fyrir 2010. Rekstrartölur 2009 lágu einnig frammi. Farið var yfir fjárhagsáætlunina og rekstrartölurnar, einstakir liðir skýrðir og ræddir.

Stjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti. Áætlunin verður yfirfarin með vorinu.

4. Starfsmannamál.

Benjamín Davíðsson hættir sem verkefnisstjóri Austurlandsskóga og við tekur Sherry Curl (1. mars nk.). Við þá breytingu hækkar starfshlutfall hennar í 60%. Sumarstarfsmaður verður ráðinn.

5. Önnur mál.

a) ÓIS lagði fram tillögu frá stefnumótunarnefnd um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem fram koma hugmyndir um breytingu á skiptingu fjárveitinga milli landshlutaverkefnanna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stærð hvers landssvæðis undir 400 m.y.s. verði notað að hluta til ákvörðunar á fjárveitingu. Þá lagði ÓIS fram svar sitt við því plaggi.

Stjórn HASK fór yfir málið og bókaði eftirfarandi:

„Stjórn HASK hafnar framkomnum tillögum stefnumótunarnefndar um landssvæði sem

viðmið til breytinga á skiptingu fjármagns til verkefnanna.

Stjórnin vísar til svars framkvæmdastjóra HASK til nefndarinnar dags. 25.11.09 og áréttar að stærð samningsbundinna svæða, samningar og fjöldi gróðursettra planta eiga að vera uppistaðan í viðmiði við skiptingu fjárins."

b) ÓIS sagði frá grisjunarverkefni sem unnið er að á vegum Lse og skógarbænda á Austurlandi. Hugmyndin er að fella 70 - 80m³ af lerki á Héraði sem flutt verða til Elkem á Grundartanga. Fyrst og fremst er verið að skoða hvernig lerkið hentar Grundartangamönnum við sína framleiðslu og einnig er verið að skoða hvernig dæmið kemur út fjárhagslega.

Fundi slitið kl. 12:15



110. stjórnarfundur

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 6. maí 2010.

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 109 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Endurskoðunarbréf
3. Taxtamál 2010
4. Starfsmannamál
5. Skógardagurinn
6. Önnur mál

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞP), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS) sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og fundargerð 109 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Endurskoðunarbréf.

ÓIS lagði fram endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar. Nýtt vinnulag hefur verið tekið upp hjá Ríkisendurskoðun, þeir senda ekki lengur út ársreikninga til undirritunar heldur eingöngu endurskoðunarbréf. Ríkisendurskoðun telur ekki tilefni til athugasemda vegna endurskoðunar á ársreikningi Héraðs- og Austurlandsskóga 2009.

Eftir sem áður gefur Fjársýsla ríkisins út ársreikning HASK en hann liggur ekki fyrir á þessari stundu. Stjórn renndi yfir endurskoðunarbréfið, ræddi innihald þess og var sátt við niðurstöðuna.

3. Taxtamál 2010.

ÓIS lagði fram tillögu HASK að töxtum fyrir árið 2010. Frá Félagi skógarbænda á Austurlandi hafa einnig borist tillögur að töxtum. Farið var yfir tillögurnar og þar sem munur var á tillögum voru málin rædd og rök að baki beggja tillagna skoðuð. Stjórn ákvað að verkefnið greiði eftirfarandi taxa árið 2010.

Stjórn beindi því til framkvæmdastjóra að skoða möguleikann á því að bjóða út jarðvinnslu. Þá liggja fyrir tillögur frá starfsmönnum HASK um að öll grisjun umfram 1 ha. verði boðin út. Skógarbóndi hafi tök á að ganga inn í lægsta tilboð ef hann óskar eftir að fá að grisja á sinni jörð. Samið verði sérstaklega um grisjun á svæðum undir 1 ha. og verði við það tekið mið af þeim verðum sem undangengin útboð hafa gefið auk þess sem aðstæður á hverjum stað verða metnar. Stjórn samþykkti þessa tillögu.

Taxtar vegna bilunar (grisjunar á ungsjógi) liggja því miður ekki fyrir en unnið er að þeim og verða þeir væntanlega tilbúnir á næstu dögum.

Taxtar 2010

Gróðursetning:

fp67 9,8

fp40 11,6

fp35 13,3

fp24 13,5

fp15 36,3

fp6 41,4

Stiklingar 8,5

Áburðargjöf

Nýgróðursetning 4,9

á eldri 6,7

Flekking (hand)

7,8

Flekking (erfið hand)

15,8

Umsjónargjald

4

Plöntuflutningar

Fastagj í kr./bakka 20,2

Fastagj í kr./1 l pottur 3,4

Flutn í kr./bakka á km 1,8

Flutn í kr./1 l pottur á km 0,3

Íblöndun

2,99

Gróðursetning í jarðvinnslu

0,38

Nýgirðingar pr. km. (vinna+efni)

398.708

Tímavinna

2.559

Fjórhljól á klst.

2.135

Akstur bifreiða pr.km.

99

Jarðvinnsla pr. ha .

25.100

Dráttarvél undir 80 hö

3.120

Dráttarvél yfir 80 hö

3.649

Skjólbelti pr. km

118.125

Tvítoppklipping pr. ha

19.760

4. Starfsmannamál.

Sigbjörn Sævarsson sem verið hefur í 40% starfi hjá HASK hefur sagt upp störfum og verða starfslok hans væntanlega í júlí.

Sumarstarfsmaður hefur verið ráðinn, það er Þórveig Jóhannsdóttir frá Brekkugerði, en hún starfaði við verkefnið sumarið 2008 og er nú í skógræðinámi við Lbhi.

ÓIS sagði að auglýst yrði eftir starfsmanni þegar liði að hausti.

5. Skógardagurinn

Fyrirhugað er að halda skógardaginn eins og undanfarin ár. Aðilar hafa hist einu sinni og áhugi er fyrir svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur ef úr fjármögnun rætist. ÓIS leggur til að framlag HASK verði það sama og á síðasta ári, 300.000 kr. Stjórn samþykkti tillöguna.

6. Önnur mál

Tillaga hefur borist frá Félagi skógarbænda á Austurlandi um áburðargjöf á eldri gróðursetningar. Tillagan var rædd og allir eru í raun sammála um nauðsyn þessa máls. Starfsfólk HASK gerði tillögu um að frá og með árinu 2011 verði borið á allar 3ja ára gróðursetningar barrtrjáa (fyrir utan lerkir), auk þess sem borið er á við gróðursetningu. Stjórn samþykkir þessa vinnutilhögun að því gefnu að fjárveitingar leyfi.

ÞÞ ræddi hvort eðlilegt væri að verkefnið byði bændum upp á jafn margar tegundir til gróðursetninga og nú er gert og hvort verkefnið væri ekki þar með komið talsvert frá yfirlýstum markmiðum um ræktun nytjaskógs. ÓIS upplýsti að þótt tegundir væru rúmlega 20 væri magnið mjög lítið af mörgum þeirra, einungis væri um að ræða plöntur í jaðra og til skrauts á völdum svæðum. Fara á betur yfir málið á næsta fundi.

JGJ ræddi samskipti og samskiptaleysi stjórnar, starfsfólks og bænda og ákveðin ágreiningsatriði sem upp hafa komið undanfarin misseri. Leggur áherslu á að aðilar auki samskipti og ræði þau mál sem ágreiningur er um.

ÞJ óskaði eftir að haldinn yrði fundur með starfsmönnum í haust og framkvæmdastjóra falið að koma því til leiðar.

ÓIS sagði frá því að ársskýrsla væri að koma út. ÞJ spurðist fyrir um hvort skýrslan væri unnin heima og lagði áherslu á að það væri gert ef verð og gæði væru sambærileg við það sem byðist annarsstaðar.

Fundi slitið kl. 12:20

111. stjórnarfundur

Haldinn á Gistihúsinu Egilsstöðum, kl. 10:00 þann 29. júní 2010.

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 110 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Samningar og endurnýjun þeirra.
3. Ath. áður send gögn m.a. bréf frá Arnóri Snæbjörnssyni lögfræðingi Slr.
4. Taxtamál 2010
5. Starfsmannamál
6. Umsóknir
7. Önnur mál

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ), Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS) og Freyja Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og fundargerð 110 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Samningar og endurnýjun þeirra.

ÓIS hafði sent lögfræðingi Landbúnaðarráðuneytis bréf þar sem óskað var eftir leiðbeiningum um endurnýjun eldri skógræktarsamninga samkvæmt nýjum lögum frá 2006. ÓIS og JGJ fóru í framhaldinu á fund lögfræðings ráðuneytisins, Arnórs Snæbjörnssonar, og þar var farið vel yfir flest þau atriði sem ágreiningur hefur verið um. Í framhaldi sendi lögfræðingurinn bréf sem tekur á þessum atriðum, en um er að ræða gildistíma, endurgreiðslu, gildissvið o.fl. Skýrt kom fram að ekki er hægt að endurnýja eldri samninga sem gerðir voru samkvæmt lögum frá 1991. Fór stjórn yfir svör ráðuneytisins.

Ljóst er að ef eldri samningar eru ekki endurnýjaðir samkvæmt nýju lögunum fellur niður efnarskylda beggja aðila og bóndinn ber alfarið ábyrgð á sínum skógi varðandi umhirðu t.d.

ÓIS velti upp þeirri spurningu í ljósi óvissuástands um framtíðarskipulag verkefnanna hvort ætti að ýta eftir því að samningar yrðu endurnýjaðir eður ei.

Stjórn taldi skynsamlegt að hvetja til endurnýjunar samninga og að unnið verði eftir túlkun ráðuneytis.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að skoða t.d. hvað skógræktarlög segja um þau svæði sem væru tekin út úr samningi við endurnýjun.

3. Taxtamál 2010.

ÞJ fékk heimsókn tveggja skógarbænda er vildu ræða samskipti HASK við skógarbændur ásamt m.a. bilunarverkefni, óánægju með taxa ársins 2010 og fleiri mál. ÞJ lagði fram minnispunkta sína frá þeim fundi.

Stjórn fór yfir þau atriði ásamt framkvæmdastjóra.

ÓIS fór yfir vinnuna við bilunarverkefnið og sagði það hafa verið fullljóst frá byrjun að skógarbændur ættu ekki að vinna taxa varðandi bilun heldur hefðu þeir eingöngu átt að vinna að tímamælingu og aðferðafræði þeirri sem kynnt er í bæklingnum. Starfsmenn HASK sem unnu að verkefninu staðfestu að vinnu við bilunarverkefnið væri lokið, a.m.k. þeim þætti sem að skógarbændum snéri.

Þá fór ÓIS aðeins yfir hvernig taxtar HASK varðandi jarðvinnslu og girðingar væru samsettir í samræmi við önnur skógræktarverkefni landsins.

ÞÞ telur vinnuþáttinn í girðingatöxtum allt of lágan, þyrfti að tvöfalda hann.

ÞJ stingur upp á að haldinn verði rabbfundur með skógarbændum í haust og í öðru lagi að vinnuþáttur í girðingatöxtum verði skoðaður.

ÞJ bað einnig ÓIS að fara aðeins yfir rökin sem væru fyrir að bjóða út alla grisjun umfram 1 ha.

JGJ fór aðeins yfir nokkrar hliðar sem geta komið upp varðandi útboð í grisjun.

Ákveðið var að taka girðingabáttinn til skoðunar og hækka vinnuliðinn. Stefnt er að almennum fundi með skógarbændum í haust.

4. Starfsmannamál.

ÓIS fór yfir stöðuna í starfsmannamálum en ljóst er að þörf er á að bæta 100% stöðu við verkefnið.

Ákveðið var að auglýsa eftir skógfræðingi með starfsstöð á Egilsstöðum.

5. Umsóknir

Ein umsókn hefur borist um inngöngu í verkefnið frá eiganda Hjarðarhaga í Jökuldal. Stjórn samþykkti umsóknina.

6. Önnur mál

a. 25. júní sl. voru 40 ár liðin frá því að gróðursetning hófst í Víðivallaskógi. Eigendur skógarins leituðu til HASK varðandi þátttöku/framkvæmd á veislu vegna þeirra tímamóta. Vel var tekið í það.

b. ÞÞ bað framkvæmdastjóra að fara aðeins yfir hvernig gróðursetning og aðrar framkvæmdir hafi gengið í vor.

Fundi slitið kl. 12:00



112. stjórnarfundur

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 20. september 2010.

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 111 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Fjárveiting næsta árs
3. Inntaka nýrra jarða
4. Erindi frá Barra hf.
5. Girðingareglur og girðingataxti
6. Starfsmannamál
7. Umsóknir
8. Fundur með skógarbændum.
9. Önnur mál

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ) og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓIS) sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur og fundargerð 111 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Fjárveiting næsta árs

ÓIS var kölluð á fund Slr í síðustu viku þar sem farið var yfir fjárveitingar ársins 2011 eins og þær verða lagðar fram í nýju fjárlagafrumvarpi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 9% lækkun á fjárveitingu til verkefnisins frá yfirstandandi ári, alls 117,6 milljónir.

Þá liggur ekki fyrir á þessari stundu hvort verkefnið fær að nýta það sem eftir stendur af gömlum höfuðstól verkefnisins.

Stjórn ræddi stöðuna út frá þessum upplýsingum og ÓIS sagði að líklega yrði lítið svigrúm til annarra framkvæmda en gróðursetninga á næsta ári þar sem búið var að semja um plöntukaup áður en niðurskurður verkefnanna hófst í kjölfar hrunsins. Því hafa plöntukaup enn ekki verið skert í samræmi við samdrátt í fjárveitingum.

3. Inntaka nýrra jarða

ÓIS varpaði fram þeirri spurningu hvort ástæða væri til þess að fresta inntöku nýrra jarða/svæða í ljósi mikils niðurskurðar eða hvort verkefnið eigi eftir sem áður að taka við umsóknum og reyna að sinna öllum beiðnum um framkvæmdir. Umsóknir eru tiltölulega fáar en ljóst að með hverjum nýjum aðila má reikna með að hlutur hvers og eins í framkvæmdum minnkar. Stjórn telur ekki ástæðu að svo stöddu að takmarka inngöngu nýrra aðila.

4. Erindi frá Barra hf.

Erindi hefur borist frá Barra hf. um að verkefnið greiði fyrirfram inná plöntukaupasamning næsta árs.

Stjórn lýsir áhyggjum af stöðu Barra en í ljósi þess að verkefnið hefur í mörg undanfarin ár greitt inn á plöntukaupasamninga fyrir áramót sér hún ekki ástæðu til annars en hægt sé að koma til móts við Barra með erindið og flýta greiðslu. Formaður skógarbænda vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Girðingareglur og girðingataxti

Á síðasta fundi voru allnokkrar umræður um girðingartaxta verkefnisins og niðurstaða þeirrar umræðu var sú að þá þyrfti að hækka. ÓIS safnaði upplýsingum um kostnað hjá bæði opinberum aðilum og verktökum með einkarekstur og kom í ljós talsvert kostnaðarbil hjá þeim aðilum. Eftir miklar umræður ákvað stjórn að hækka taxtann um 7,5% í 428.708 kr/km.

Þá var rædd nauðsyn þess að gefa út þær girðingareglur sem unnið er eftir þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um eftir hvaða aðferðafræði er unnið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

6. Starfsmannamál

Auglýst var eftir verkefnisstjóra í 100% starf fyrir skemmstu. Tvær umsóknir bárust. Í ljósi áframhaldandi niðurskurðar á fjármagni til verkefnisins var ákveðið að fresta ráðningunni í þeirri mynd sem lagt var upp með en hækka þess í stað starfshlutfall hjá núverandi starfsmanni úr 60% stöðu í 100% starf og bjóða öðrum umsækjandanum u.þ.b. 40% stöðu ef það hentaði viðkomandi.

7. Umsóknir

Ein umsókn hefur borist um skjólbeltaframkvæmdir frá Engihlíð í Vopnafirði. Ljóst er að engar skjólbeltaplöntur eru í plöntusamningum fyrir næsta ár en skjólbeltaframkvæmdir var liður sem niðurskurðarhníf verkefnisins var beitt á af meira krafti en aðrir liðir.

Í ljósi fjárhagsstöðu telur stjórnin sér ekki stætt á öðru en að hafna umsókninni að sinni og telur rétt að beina framlögum að samningsbundnum jörðum.

8. Fundur með skógarbændum.

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að funda með skógarbændum í september þar sem hægt væri að fara yfir þau mál sem helst eru í deiglu. Nú er ljóst að ekki er tími til þess að halda fund í september en stefnt er að því að halda hann í nóvember. Stjórnin óskaði

eftir því að lögfræðingi ráðuneytisins yrði boðið á fundinn til þess að svara fyrirspurnum um lögfræðileg málefni og mun framkvæmdastjóri vinna að því að fá hann austur á kvöldfund.

9. Önnur mál

Kostnaður við veislu í Víðivallaskógi var um 450 þúsund og skiptist á milli Sr og HASK.

Fundi slitið kl. 11:45

113. stjórnarfundur

Haldinn á Hótel Héraði, kl. 10:00 þann 14. desember 2010.

Dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð 112 lögð fram til umræðu og samþykktar.
2. Yfirlit framkvæmda frá síðasta stjórnarfundum
3. Framkvæmdir í vetur
4. Fjárhagsáætlun 2011
5. Grænsíða
6. Umsóknir
ein umsókn hefur borist um viðbótarsvæði í skógrækt
7. Önnur mál

Fundur með skógarbændum?

Tölvukaup

Stjórnarlaun

Kynning á mastersverkefni

Fundinn sátu: Þorvaldur Jóhannsson (ÞJ), Þór Þorfinnsson (ÞÞ), Jóhann G. Jóhannsson (JGJ), Ólöf I. Sigurbjartsdóttir (ÓÍS) og Freyja Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð. Inn á fundinn undir liðum 3,4 og 5 komu Hlynur Gauti Sigurðsson og Sherry Curl starfsmenn HASK.

1. Fundur settur og fundargerð 112 lögð fram til umræðu og samþykktar.

Þorvaldur setti fund og bauð menn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var lögð fram, hún yfirfarin og undirrituð athugasemdalaust.

2. Yfirlit framkvæmda frá síðasta stjórnarfundum.

ÓÍS sagði frá því að ekki hefði tekist að koma út öllum plöntum í haust. Hjá Sólskógum eru 50 þúsund plöntur sem bíða til næsta árs. 1.010 plöntur voru gróðursett á þessu ári. Búið er að gera upp nánast allar framkvæmdir haustsins þó eftir sé að gera upp vinnu við bilun. HGS og SC hafa unnið mikið við mælingar vegna bilunar en ljóst er að ekki næst að klára öll þau verk sem byrjað er á fyrir áramót.

Samkvæmt bréfi frá ráðuneytinu er heimild til að nýta uppsafnaðan höfuðstól til verkefna sem eru færð milli ára og verður því nýttur í þá bilun sem færast yfir á næsta ár ef heimild fæst.

3. Framkvæmdir í vetur.

ÓÍS sagði frá því að framundan væri að setja af stað Grænni skóga I hjá HASK ef nægileg þátttaka fæst og sér Else Møller um samstarfið við Endurmenntun Landbúnaðarháskólans. ÞJ benti á að nýta aðstöðu og starfsfólk ÞNA (Þekkingarnet Austurlands) ef hægt er.

HGS og SC voru mætt til fundar vegna bilunar og sögðu frá stöðu mála. Sagði SC frá því að óánægja með taxta en þó aðallega misskilnings varðandi taxta og mun á bilun og grisjun hjá bændum væri að gera vinnu þeirra mjög erfiða t.d. er þó nokkur mótstaða gegn því hjá

bændum að láta bjóða út grisjun en útboð séu ekki viðhöfð vegna bilunar. Höfðu þessi tvö verið við mælingar í gær á þremur jörðum og mætt mikilli neikvæðni á tveimur þeirra.

ÞJ fór yfir þær væringar sem hafa verið og telur augljóst að þetta liggi mun dýpra en bara vegna ónægju vegna bilunar því það virðist vera nokkuð ljóst að skógarbændur séu ekki óánægðir með bilunartaxta þar sem vinna samkvæmt þeim er á fullu. JGJ fór aðeins yfir stöðuna séð frá bæjardyrum Félags skógarbænda á Austurlandi.

ÞJ spurði hvað stjórnin gæti gert varðandi þetta starfsumhverfi starfsmannanna.

Miklar umræður fóru fram.

ÓIS sagði vinnu við mælingar hafa að öðru leiti gengið mjög vel og mikil vinna þessara tveggja (HGS+SC) liggur þar að baki.

ÞJ þakkaði þeim fyrir komuna og HGS yfirgaf fundinn.

Stjórn ræddi málið og fór meðal annars yfir það hvað þyrfti að taka fyrir á opnum fundi með skógarbændum sem til stendur að halda í janúar nk. Dagsetning fundarins var ákveðin 12. janúar og það sem menn vilja m.a. sjá á dagskrá hans er kynning á endurnýjun samninga, bilunarmál, grisjunarmál, fjárhagsáætlun 2011 og umfang verkefna næstu 2-3 árin í bilun og grisjun.

4. Fjárhagsáætlun 2011.

ÓIS fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir 2011. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að ganga frá fjárhagsáætlun á grunni draganna ásamt því að senda inn ósk um að nýta höfuðstól til sérstakra verkefna.

5. Grænsíða

ÓIS fór yfir kostnað vegna Grænsíðu og varpaði fram spurningu í framhaldi af því hvort ætti að halda henni gangandi. Núverandi kostnaður liggur í hýsingu og leyfisgjöldum en grunnurinn er ekki að nýtast að ráði og hýsir einungis gögn HASK. Töluverðar lagfæringar á grunninum þurfa að koma til ef á að reka áfram.

SC sagði ljóst að ef engin aukin framlög fengust á næstu árum væri í raun enginn tilgangur í að halda gagngrunninum opnum. Sagðist hún að vísu vera hrædd um að ef síðunni (gagnagrúnninum) yrði lokað væri hún þar með dauðadæmd en hún hefði velt fyrir sér mögulegum lausnum til að halda gögnunum aðgengilegum þó ekki væri nema fyrir starfsfólk verkefnisins.

Stjórnin beindi því til SC og ÓIS að skoða lausnir varðandi aðgengi þeirra gagna sem eru í Grænsíðu og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

6. Umsóknir

Ein umsókn hefur borist um viðbótarsvæði í skógrækt. Umsóknin er frá Sauðhaga II og er óskað eftir stækkun upp á rúmlega 80 hektara. Stjórn samþykkir þessa stækkun.

7. Önnur mál

a. Fundur með skógarbændum. Sjá lið 3.

b. Tölvukaup. ÓIS óskaði eftir heimild frá stjórn til að endurnýja tölvukost verkefnisstjóranna og var sú heimild veitt.

c. Stjórnarlausn. Greidd skv. venju með vísitöluhækkun.

d. Kynning á mastersverkefni. Lilja Magnúsdóttir er að vinna mastersverkefni í skógfræði og hefur óskað eftir samstarfi við HASK. Verkefnið felst í að skoða hversu mörg bein og afleidd ársverk hafa orðið til á landsvísu í tengslum við framkvæmd laga um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006 og hvaða þjóðhagslegu áhrif verkefnið hafa haft. Aðkoma HASK yrði að leyfa aðgang að ákveðnum gögnum. Stjórn leit jákvæðum augum á verkefnið.

e. Plöntukaup 2012. Framundan er að ganga frá samningum við gróðrarstöðvar um plöntukaup ársins 2012. Skv. útboðsgögnum hefur verkefnið heimild til að framlengja plöntukaupasamningum tvisvar sinnum um 1 ár á grunni fyrra útboðs. Áætlað er að semja um kaup á um 650 þúsund plöntum.

f. Brekkusel. Frá fyrra ári liggur inni umsókn frá eiganda Brekkusels um að gera viðbótarsamning um skógræktarsvæði. Ekki þótti ástæða á þeim tímapunkti að samþykkja samninginn enda fjárhagsstaða verkefnisins í uppnámi og landeigandi hafði nægilegt svæði til framkvæmda. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að ganga frá samningi um svæðið og gera upp girðingarkostnað sem þegar er tilfallinn á jörðinni þá sleit fundi og óskaði gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl. 12:30



Litla Steinsvað, Unnar, Sólveig og Valdis.



Viðivallaskógur, Björn Ármann og Helgi Bragason afmæli. (mynd: Þóra Sólveig Jónsdóttir)

Áburðargjöf og lifun hjá kalskemmdum sitkabastarði

Snemma vors 2009 bar á miklum skemmdum á ungplöntum af sitkagreni og sitkabastarði sem gróðursetar voru 2008 um allt svæði Héraðs- og Austurlandsskóga (HASK). Meira af skemmdum var að sjá á sitkabastarði, helst á plöntum sem geymdar höfðu verið í frosti veturinn fyrir gróðursetningu. Mikið var spurt um hvort þær plöntur þyrftu ekki að fá auka áburðargjöf vorið 2009. Þar sem ekki var vitað hvort slíkt myndi bæta lifun eða e.t.v. hafa öfug áhrif, t.d. með því að auka samkeppni annars gróðurs við skemmdu plönturnar, var ákveðið að setja út tilraun, en bíða með alsherjar áburðargjöf.

Vorið 2009 setti starfsfólk HASK út tilraunareiti í grenigróðursetningum frá 2008 á þrem jörðum; í Hróarstungu, Fellum og Skriðdal. Á hverjum stað voru þrjár áburðarmeðferðir prófaðar, þ.e.a.s. hálfur áburðarskammtur (6 g), fullur skammtur (12 g) eða eiginn áburður. Þegar lifun á milli árána 2009 og 2010 var tekin út kom í ljós að í öllum tilfellum var ekki tölfræðilega marktækur munur á milli meðferða. Reyndar minnkaði lifun plantanna við stærri áburðargjöf ef eitthvað var og því er ekki hægt að mæla með áburðargjöf á kalnar ungplöntur af greni.

SC



Taka eftir lifandi hluta af plöntunni neðst (Mynd: Þórveig Jóhannsdóttir).



Greni gróðursett 2008

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2010	Reikningur 31.12.2009
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	0	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	0	19.513
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	10.078.944	12.480.980
Handbært fé	19.035.691	16.344.630
Veltufjármunir samtals	29.114.635	28.845.123
Eignir samtals	29.114.635	28.845.123
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	26.825.215	25.223.950
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	-1.245.304	1.601.265
Höfuðstóll í árslok	25.579.911	26.825.215
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	27.462.725	28.708.029
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	406.640	0
Skammtímalántökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	1.245.270	137.094
Skammtímaskuldir samtals	1.651.910	137.094
Skuldir samtals	1.651.910	137.094
Skuldir og eigið fé samtals	29.114.635	28.845.123

Sjóðstreymi

	Reikningur 2010	Reikningur 2009
Hagnaður/tap ársins	-1.245.304	1.601.265
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	2.402.036	847.975
Breyting skammtímaskulda	1.108.176	-27.233
Handbært fé frá rekstri	2.264.908	2.422.007
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-128.300.000	-135.200.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	128.726.153	134.702.894
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	426.153	-497.106
Breyting á handbæru fé	2.691.061	1.924.901
Handbært fé í ársbyrjun	16.344.630	14.419.729
Handbært fé, hreyfingar	2.691.061	1.924.901
Handbært fé í árslok	19.035.691	16.344.630

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2010	Reikningur 2009	Fjárheimildir 2010
Tekjur			
Sértekjur	1.056.320	16.473.225	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	1.056.320	16.473.225	0
Gjöld			
Almennur rekstur	130.601.624	150.071.960	128.300.000
101 Héraðs- og Austurlandsskóg..	130.601.624	150.071.960	128.300.000
Gjöld samtals	130.601.624	150.071.960	128.300.000
Tekjur umfram gjöld	-129.545.304	-133.598.735	-128.300.000
Framlag úr ríkissjóði	128.300.000	135.200.000	128.300.000
Hagnaður/tap ársins	-1.245.304	1.601.265	0

Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Arnheiðarstaðir									
Áreyjar		2.000			400	3.520			5.920
Ás	1.000			4.014		12.172			17.186
Ásgarður									
Ásgeirsstaðir		7.472	400	10.980	15.344	5.072		2.592	41.860
Bláeyri (Hlíðargarður)	480	10.560		1.005	2.016		7.500	5.472	27.033
Borg	688	1.040		4.152	3.968	5.082	480	240	15.650
Bragðavellir I									
Brekka						2.010			2.010
Brekjuborg	344	384	3.280	508	1.120	3.320	48	384	9.388
Brekkugeti					3.880	2.010			5.890
Brekkugetishús			520	2.010	4.000			2.448	8.978
Brekkuusel	1.750	4.064	80	63.947	49.240	20.440	240	7.104	146.865
Dagverðargerði	480	2.400		1.000	2.400		240		6.520
Dratthalastaðir	40				504	480			1.024
Droplaugarstaðir	24	360		201	1.328	9.380	24		11.317
Eyjófsstaðir			1.520			2.546			4.066
Eyjarland				401	400	536			1.337
Eyrarteigur				1.000		6.432			7.432
Fagrihvammur		2.920	4.000		120			144	7.184
Fell	168	1.000			9.120			1.538	11.826
Flaga	520	1.040		2.800	3.040		168		7.568
Fremri Nýpur	48	888	200	240		2.640	216		4.232
Geirófsstaðir				2.005					2.005
Geithellar II									
Gilsárteigur I									
Grund				1.005	9.880	2.560		14.016	27.461
Hagi		1.120	2.000			6.298			9.418
Hamragerði	400	2.016		1.640	456				4.512
Hauksstaðir	245	192				2.010		144	2.591
Helluland		120				134	408		662
Heykollsstaðir		1.680		5.320		11.200			18.200
Hjartarstaðir I				360	1.536				1.896
Hlíðarendi I									
Hnitbjörg		480	1.400	1.000		1.000	19.027		22.907
Hof									
Hóll						1.608			1.608
Hreimsstaðir	80	1.008		1.000	480		192		2.760
Hrólfstaðir	2.505	8.528		6.901	14.280	11.844		1.008	45.066
Hræreklækur		6.192		5.474	8.680	6.240	48		26.634
Hvammur									
Hvannabrekka									
Kleppjárnsstaðir						4.880			4.880
Kross									

Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðingar	Herfing ha	Plæing ha	*Bilun ha.	Grisjun m3 af bolviði
2.400						1,1	
17.186							
41.860						1,2	
71.833	3	4.500					
14.098				9,3			
2.010							
4.396							
5.890						1,5	
8.978							
75.328			8,4				
6.520							
1.024							
15.629						4,5	
4.066							
1.337							
7.432							
7.184							
11.824							
7.568							
27.461							
9.418							
4.512							
2.591			3,3				
11.200					2,3		
13.200				4,4			
9.096							
42.581		19.027					
2.760							
37.058				14,3			
19.893							
						1,7	

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Elri	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Lindarhóll		1.040			3.040	3.332			7.412
Litla-Steinsvað I	600	2.880		1.360	5.280	2.278	480		12.878
Litla-Steinsvað II	520	2.080	1.200	8.591	8.800	7.716	648		29.555
Meðalnes II	700	1.128	1.000	2.760	3.616	20.772	960	1.008	31.944
Miðhússel	160	480		670	2.000	6.700			10.010
Mýrar									
Njarðvík		240		1.407	2.784	480			4.911
Óseyri	1.885	10.736	2.520	13.982	7.600	4.074			40.797
Rauðholt						320			320
Sauðhagi II	2.311	2.000	1.200	12.150	15.280	8.000	480	2.016	43.437
Selland	210	960			1.640	6.378			9.188
Setberg				1.735	8.736	4.000		2.400	16.871
Skálanes		17.277							17.277
Skáli	120	5.120	520	402	896	1.072		384	8.514
Skógargerði									
Skriða				400	4.200	4.800		1.008	10.408
Snjóholt	1.034		520	1.640	1.736		720		5.650
Staffell	216				160				376
Stangará				1.005	1.008				2.013
Stóra-Sandfell I				10.652	4.920	23.584			39.156
Strandhöfn		2.016				2.948			4.964
Strönd	960				4.400				5.360
Sturluflöt		3.000	1.000	6.913	10.280	6.640			27.833
Stöð	120	5.040	400	2.010	1.000		216		8.786
Sórlastaðir									
Teigarhorn									
Urriðavatn					2.000				2.000
Útstekkur I	200	2.208		1.072	1.312		192	528	5.512
Vað									
Vallanes	600	480			760				1.840
Valþjófsstaður I		96	80				168	96	440
Víðastaðir	1.520	1.008	800	5.000	14.480	2.000	1.008	7.008	32.824
Víðilækur	280		200	3.372	3.360	5.804	792	288	14.096
Víðivellir-ytri I									
Vífilsnes		6.000		804		800			7.604
Vífilsstaðir		6.360				3.600			9.960
Vík	490	12.440	800	8.145	7.600		408		29.883
Ytri-Nýpur	24	160			480	1.600	48	48	2.360
Þiljuvellir	420	720				5.090			6.230
Þorbrandsstaðir	525	520	2.000	2.546	3.440	4.000			13.031
Þrándarstaðir									
Þuridarstaðir	70				2.480	2.520			5.070
Stofngirðing									
Samtals	21.737	139.453	25.640	203.579	255.480	251.922	34.711	49.874	982.396

Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðingar	Herfing ha	Plæing ha	*Bilun ha.	Grisjun m3 af bolviði
			1,3				
12.878				14,5			
38.400				2,5			
29.760							
9.670							
4.911				3,0			
40.797							
320				6,1			
50.045							
5.458							
16.871							
6.088							
8.514							
14.800							
10.408							
4.426							
376						0,8	
2.013							
212.836							
4.964							
960							
37.033							
8.786							
2.000							
5.512							
440		440					
32.824				10,9			
14.216							
7.604							
9.960							
29.883							
712							
2.430							
13.031				8,5			
3.120							
			2,5				
1.128.379	3	23.967	15,5	73,4	2,3	10,9	-

Helstu stærðir

Ár	Fjárlög	Fjárlög uppreiknuð með vísitölu neysluverðs*	Fjöldi samningsbundinna jarða	Stærð samningssvæðis (ha)	Fjöldi kortlagðra jarða	Kortlagning (ha)	Girðingar (km)	Jarðvinnsla (ha)	Slóðagerð (m)
1990	25.000.000 kr.	64.034.458 kr.				800	5		
1991	35.710.000 kr.	85.226.274 kr.	20	2.500		2.200	21	159	
1992	51.500.000 kr.	114.701.623 kr.	41	3.939		1.900	17	76	
1993	51.500.000 kr.	111.975.625 kr.	51	5.133		1.500	40	79	10.000
1994	53.100.000 kr.	111.908.328 kr.	54	5.325		500	25	83	1.450
1995	53.000.000 kr.	109.880.302 kr.	64	7.500		1.700	19	128	1.700
1996	54.300.000 kr.	110.773.242 kr.	77	8.800		1.500	29	110	0
1997	54.900.000 kr.	109.800.000 kr.	81	9.600		700	31	161	850
1998	59.900.000 kr.	117.172.807 kr.	81	9.600		200	10	100	0
1999	67.200.000 kr.	129.745.455 kr.	95	10.705		580	6	90	0
2000	77.900.000 kr.	142.172.481 kr.	102	11.713		0	3	94	3.500
2001	91.200.000 kr.	160.771.542 kr.	112	12.346	8	980	50	228	10.501
2002	100.600.000 kr.	162.050.023 kr.	121	13.360	3	1.036	8	225	8.800
2003	112.200.000 kr.	178.161.816 kr.	128	13.880	7	957	36	272	12.050
2004	128.400.000 kr.	199.100.913 kr.	132	14.031	2	93	14	156	3.276
2005	141.400.000 kr.	210.917.726 kr.	137	14.513	0	0	17	163	12.500
2006	149.300.000 kr.	213.336.964 kr.	140	15.027	14	1.072	10	323	9.200
2007	151.200.000 kr.	202.128.737 kr.	148	16.169	5	411	14	226	11.250
2008	156.025.000 kr.	197.200.567 kr.	151	16.495	15	910	18	295	*
2009	135.200.000 kr.	144.084.110 kr.	153	16.761	2	242	10	214	*
2010	128.440.000 kr.	128.440.000 kr.	155	17.777	5	129	16	76	*
Samt.	1.877.975.000 kr.	3.003.582.991 kr.	155	17.777	61	17.410	399	3.258	85.077

Starfsfólk - 2010

Starfsmaður	Starfsheiti	Starfshlutfall
Benjamín Örn Davíðsson	Verkefnisstjóri	100%
Else Møller	Sérfræðingur	40% (frá 1. okt)
Freyja Gunnarsdóttir	Skrifstofustjóri	80%
Hlynur Gauti Sigurðsson	Verkefnisstjóri	100%
Ólöf I. Sigurbjartsdóttir	Framkvæmdastjóri	100%
Sherry Curl	Skógræktarráðunautur	50%
Sigbjörn Sævarsson	Landnýtingarráðunautur	40%
Þórveig Jóhannsdóttir	Sumarstarfsmaður	100% (20. maí - 20. ágúst)

Gróðursettar plöntur, fjöldi	Gróðursetning í ha á ári (3600 pl/ha)	Áburðargjöf (tonnum)	Binding koltvísýrings (tonnum)	Ársverk	Ársverk
175.000	49		340	13	13
945.000	262		2.174	17	17
1.392.000	386		4.876	24	24
1.392.000	386		7.577	23	23
1.190.000	330		9.887	23	23
1.357.000	376		12.521	23	23
1.309.000	363		15.062	23	23
1.325.000	367		17.633	23	23
1.006.000	279	6	19.586	24	24
1.032.077	286	8	21.589	26	26
1.150.248	319	8	23.822	29	29
1.189.360	335	13	26.166	32	32
1.450.881	410	17	29.035	33	33
1.082.324	309	20	31.198	36	36
1.160.295	332	18	33.520	40	40
1.048.380	307	18	35.668	43	43
1.408.830	410	21	38.540	43	43
1.478.211	493	42	41.989	42	42
1.480.927	411	26	44.869	40	40
1.389.740	386	18	47.571	29	29
982.396	274	13	49.489	28	585
24.944.669	7.070	227	513.111	613	

Gunnlaugsstaðir, Hreindýr á veginum HGS (14)



Allar myndir eru teknar af starfsmönnum HASK nema annað sé tekið fram. Myndirnar eru úr starfi HASK á árinu 2010.



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

ÁRSSKÝRSLA 2010

Miðvangi 2-4 • 700 Egilsstaðir • sími: 471 2184 • fax: 470 2001 • skogar@heradsskogar.is • www.heradsskogar.is